

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð 140 Reykjaskóla“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. júlí 4. júlí 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Reykjaskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Reykjaskóla.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð krónur —.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Kaupfélag Hróttfirðinga, Borðeyri, og vinir og velunnarar skólans í Bæjar- og Staðarhreppi.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu þeim nemendum í þriðja bekk skólans, einum eða fleiri, sem skara fram úr í náms hæfni, ástundun og háttprýði, að dómi skólastjóra og kennara. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir frammistöðu í einstakri námsgrein, nema um afburða náms hæfni og árangur sé að ræða.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Vextir af höfuðstól.

b. Samskot og gjafir manna, sem vilja styrkja sjóðinn, svo og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta hjá Kaupfélagi Hróttfirðinga eða í sparisjóði Hróttfirðinga.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal aldrei skerða og $\frac{1}{3}$ af vöxtum af fé sjóðsins skal ávallt leggjast við höfuðstólinn, svo og allt það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum eða á annan hátt.

8. gr.

Tveir þriðju af vöxtum sjóðsins skal varið samkvæmt ákvæðum 4. gr.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri Reykjaskóla, einn maður kosinn af aðalfundi Kaupfélags Hróttfirðinga og einn maður tilnefndur af kennurum skólans.

10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að gera árlegan reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins og senda hann þeim, sem hafa á hendi eftirlit með þeim sjóðum, er hafa fengið skipulagsskrá sína staðfesta lögum samkvæmt.

11. gr.

Leita skal staðfestingar viðkomandi stjórnarvalda á skipulagsskrá þessari.

Reykjaskóla, 14. apríl 1952.

Guðm. Gíslason.

Bjarni Þorsteinsson.

Þorvaldur Böðvarsson.